



Björn Leví Gunnarsson,
Skeiðarvogi 127,
104 Reykjavík.

Reykjavík, 7. maí 2021

1.

Vísað er til erindis þíns til forsætisnefndar Alþingis, sem barst með tölvupósti 18. apríl 2021, þar sem þú óskar eftir álti nefndarinnar á ummælum þínum í pistli í Morgunblaðinu 3. apríl sl. með vísan til 6. mgr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Jafnframt óskar þú eftir því að leitað verði til ráðgefandi siðanefndar um málið. Í pistlinum hafir þú sagt eftirfarandi: „það er rökstuddur grunur um að Ásmundur Friðriksson hafi dregið að sér fé, almannafé og við erum ekki að sjá viðbrögð þess efnis að það sé verið að setja á fót rannsókn í þeim efnum.“

Orðin séu sögð með þeirri vitneskju að þau hafi þegar verið álitin brot á siðareglum þingmanna og þeirri skoðun er lýst að það álit sé rangt miðað við allar þær meginreglur sem gilda um tjáningarfrelsi. Ráðgefandi siðanefnd hafi í því máli talið ummælin fela í sér brot þar sem þau hefðu verið órökstudd og byggð á gögnum sem einungis þingmenn hefðu aðgang að. Þú rökstyðjur framangreind orð þín og takir fram að þú hafir ekki aðgang að neinum öðrum gögnum í málinu en þeim sem hafi birst opinberlega. Þú kallar eftir rannsókn á málinu þar sem ekki sé hægt að skera úr um hvort ummælin teljist brot á siðareglum án þess að tekið sé tillit til efnislegs innihalds þeirra, og þar með sannleiksgildi.

Eins og þér er kunnugt um var erindið til umfjöllunar á fundum forsætisnefndar 3. og 10. maí sl. Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. siðareglnanna, um að haga skuli málsmeðferð samkvæmt meginreglum um óhlutdrægni og vandaða og réttláta málsmeðferð, vékst þú af fundi forsætisnefndar við umfjöllun um mál þitt.

2.

Í máli þar sem Ásmundur Friðriksson kvartaði yfir ummælum þínum og Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur á opinberum vettvangi um endurgreiðslur skrifstofunnar á aksturskostnaði var niðurstaða forsætisnefndar í álti frá 21. júní 2019 að Þórhildur Sunna hefði með ummælum sínum brotið gegn a- og c-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Var þar byggt á álti ráðgefandi siðanefndar Alþingis um að ummæli PSÆ um að „nú er uppi rökstuddur grunur um það að Ásmundur Friðriksson hafi dregið að sér fé, almannafé...“ í Silfrinu og ummæli hennar í beinu



framhaldi á Facebook um sama mál hafi, þegar þau væru metin í heild sinn farið gegn siðareglum.

3.

Í málinu liggur fyrir að þú hafir leitað álits forsætisnefndar á ummælum þínum skv. 6. mgr. 17. gr. siðareglna Álitaefnið er hvort skilyrði standi til þess að málið verði rannsakað og sent ráðgefandi siðanefnd, hvort það sé tækt til efnislegra umfjöllunar eða gefi tilefni til þess. Reynir þá á tilgang siðareglnanna og hvað verði að telja að almennt búi að baki þeirri heimild þingmanns að geta leitað álits forsætisnefndar á hátterni sínu.

Siðareglur fyrir alþingismenn hafa m.a. þann tilgang að efla ábyrgðarskyldu alþingismanna, svo og tiltrú og traust almennings á Alþingi, sbr. 1. gr. reglnanna. Siðareglunum er ætlað að standa vörð um þessi siðferðilegu verðmæti og hvetja þingmenn til góðra verka. Á þessum grundvelli er í siðareglunum settar fram meginreglur um hátterni og hátternisskyldur alþingismanna. Meðal þess leiðarljóss sem siðareglurnar veita þingmönnum er að kasta ekki rýrð á Alþingi eða skaða ímynd þess með framkomu sinni, sbr. c-lið 1. mgr. 5. gr. siðareglnanna. Þá er í 7. gr. reglnanna tekið fram að alþingismenn skulu í „öllu hátterni sínu sýna Alþingi, stöðu þess og störfum virðingu.“

Að mati forsætisnefndar felur erindi þitt í sér skírskotun og samanburð við niðurstöðu nefndarinnar í máli Þórhildar Sunnu. Þó svo að gerður sé sá greinarmunur að styðja ummælin við opinber gögn er í raun verið að óska eftir umfjöllun um sama álitaefni og var til umfjöllunar í máli Þórhildar Sunnu. Líta verður svo á í þessu samhengi að baki 6. mgr. 17. gr. siðareglnanna búi þau almennu sjónarmið að þingmaður geti leitað álits á hátterni hans og hátternisskyldum við tilgreindar aðstæður. Í erindi þínu felst á hinn bóginn beiðni um að fjallað verði um sama álitaefni öðru sinni. Fellur slíkt utan tilgangs siðareglna fyrir alþingismenn. Það er því niðurstaða forsætisnefndar að erindi þitt gefi ekki nægilegt tilefni til athugunar, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna. Er afskiptum forsætisnefndar af erindi þínu því lokið hér með.

F O R S E T I A L Þ I N G I S